

# EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



<b>Dags eftirlits</b>	18.6.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	SORPA Álfsnesi	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Álfsnes	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5105881189	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Gnýr Hjarðar	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðmar F. Guðmundsson	<b>Staðsetning</b>	366624,722 412355,277

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Rekstraraðili stendur að mörgu leyti vel að starfsemi í Álfsnesi. Hingað til er Sorpa eini aðilinn á Íslandi sem hefur hagnýtt hauggas/lífsgas (frá urðunarstaðnum) sem einhverju nemur og hófst söfnun gassins löngu áður en þess var krafist í löggjöf. Enn er unnið að umbótum vegna ólyktar frá Gými, þá helst með öflugri síubúnaði. Ekki barst mikið af kvörtunum vegna ólyktar fyrrihluta ársins, hugsanlega að einhverju marki vegna bilunar í tilkynningarkerfi sem nú hefur verið löguð. Vinnsla nýs starfsleyfis hefur tekið lengri tíma en búist var við, nokkrir hagsmunaaðilar hafa áhyggjur af neikvæðum áhrifum urðunarstaðarins, þá helst hvað snertir ólykt, en það er einmitt afar mikilvægt að grandskoða umhverfisáhrif, mótvægisáðgerðir o.s.frv. við gerð starfsleyfis svo lágmörkun umhverfisálags sé sem best tryggð.

Á fundi var auk neðangreindra þátta (umfang eftirlits) rætt um nokkra sértæka þætti í starfsemi Sorpu, m.a. hvað snertir áætlanir um jarðgerð og nýtingarmöguleika á gleri. Rekstraraðili fékk framlengdenn frest til að skila gögnum skv. starfsleyfi og bærust þau innan hans, þ.e. samantekt um viðhald hreinsivirkis, mælingar á sigvatni kræklingi og hauggasi. Þá var rætt um meðhöndlun mengaðs jarðvegar en löggjöf og fleira sem að honum lítur er ekki viðunandi. Ekki eru gerðar neinar athugasemdir að þessu sinni og frávik engin.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit hófst með fundi, og var eftirfarandi rætt:

1. Starfsemi í Álfsnesi og nýtt starfsleyfi
2. Innra eftirlit og gæðamarkmið, móttaka og skráning úrgangs osfrv.
3. Viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda.
4. Umbunarkerfi fyrir fyrirtæki sem standast kröfur laga, reglugerða og starfsleyfi.
5. Yfirferð yfir síðustu eftirlitsskýrslu og kvartanir óhöpp eða þ.h. ef svo ber undir
6. Önnur mál

Auk ofanefndra tóku Ólöf Vilbergsdóttir, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Ásbjörn Einarsson ráðgjafi þátt í eftirlitinu.

Í eftirlitsskoðun var farið um urðunarsvæðið, með viðkomu í Gými þar sem farið var yfir útfærslu á síubúnaði

Frávik frá

Lýsing á fráviki

## ATHUGASEMDIR

### ANNAÐ

Nýtt starfsleyfi SORPU er komið út.

Reykjavík, 12.08.2014

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

